



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 53/2014

**Vörumerkið HELO HELICOPTER SERVICE OF ICELAND  
og lénið helicopters.is**

**I.  
Erindið**

Með bréfi Norðurflugs ehf., dags. 20. janúar 2014, er kvartað yfir notkun Þyrluþjónustunnar ehf. á vörumerkinu HELO HELICOPTER SERVICE OF ICELAND og léninu helicopters.is

Þyrluþjónustan ehf. hafi tekið upp vörumerkið HELO HELICOPTER SERVICE OF ICELAND og lénið helicopters.is sem séu mjög lík þeim vörumerkjum sem keypt hafi verið af þrotabúi Þyrluþjónustunnar hf. Árið 2012 hafi fyrra félagið, Þyrluþjónustan hf., verið tekið til gjaldþrotaskipta og við hafi tekið nýtt félag sem, að því er best verði séð, sé í eigu sömu eigenda. Skiptastjóri hafi selt ýmsar eignir út úr félaginu, m.a. vörumerkið HELICOPTER SERVICE ICELAND og lénið helicopter.is sem hvorutveggja sé nú skráð á nafn Norðurflugs. Norðurflug hafi engan annan valkost en að láta reyna á réttmæti þess að Þyrluþjónustan noti lén Norðurflugs í fleirtölumynd, þ.e. lénið helicopters.is í stað helicopter.is. Verið sé að leika sér með lén Norðurflugs í fleirtölu til þess að villa á sér heimildir til þess að veiða viðskiptamenn Norðurflugs.

Það sé tvennt sem hið nýja félag sé að gera sem sé að mati Norðurflugs brot á lögum nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Annars vegar hafi Þyrluþjónustan fengið skráð vörumerkið HELO HELICOPTER SERVICE OF ICELAND sem sé keimlíkt vörumerki Norðurflugs HELICOPTER SERVICE ICELAND sem Norðurflug hafi keypt af þrotabúi Þyrluþjónustunnar hf. sem stjórnað hafi verið með beinum eða óbeinum hætti af sömu aðilum. Undirnafn Þyrluþjónustunnar sem auðkenni sig einnig með heitinu Helo sé „Helicopter Service of Iceland“. Hins vegar hafi Þyrluþjónustan skráð hjá ISNIC lénið helicopters.is þann 13. september 2012 sem sé keimlíkt og nær sama og lén Norðurflugs. Hið nýja félag virðist heita Þyrluþjónustan ehf. en ekki „Þyrluþjónustan ehf. Helo“ eins og standi á vef fyrirtækisins.



Allt kapp virðist vera lagt á að rýra það sem Norðurflug hafi keypt af Þrotabúi Þyrluþjónustunnar hf. og elta og einkum villa um fyrir viðskiptavinum Norðurflugs með öllum tiltækum ráðum. Þetta sé gert með skýrum ásetningi. Eigendur Þyrluþjónustunnar séu beint eða óbeint tengdir hinu nýja félagi og hafi þekkt vel til vörumerkja og léna þess félags og hafi verið í viðræðum við þrotabúið um þær eignir. Lénið helicopters.is sé stofnað 13. september 2012 samhliða vinnu við að koma á fót hinu nýja félagi.

Þyrluþjónustan notist við nafnið Helo sem sé mjög gjarnan ruglað saman við nafnið Heli. Viðskiptamenn Norðurflugs og Þyrluþjónustunnar séu útlendingar og leiti gjarnan að þyrlum með því að slá inn í leitarvélar „helicopter service in Iceland“, „helicopters in Iceland“ eða noti önnur leitarorð með eintölu sem fleirtölu.

Þá vitnar Norðurflug í bréfi sínu til 2. málsliðar 15. gr. a. laga nr. 57/2005. Sterkar líkur séu á því að villst verði á helicopters.is og helicopter.is sem og á HELO HELICOPTER SERVICE OF ICELAND og „Helicopter Service of Iceland“. Það vekur athygli Norðurflugs að lögmaður Þyrluþjónustunnar, sem hafi annast vörn Norðurflugs vegna ákvörðunar Neytendastofu nr. 25/2012, sé réttthafi lénsins helicopters.is. Norðurflug viti ekki til þess að lögmaðurinn reki þyrlufélag enda vísi lénið helicopters.is beint á vef Þyrluþjónustunnar, helo.is. Lögmaðurinn sé að því er best verði séð í sömu húsakynnum og Þyrluþjónustunnar.

Eins og sjáist á vef Þyrluþjónustunnar þá sé félagið eingöngu með eina þyrlu í sínum rekstri. Lénið helicopters.is, fleirtala af orðinu helicopter sé því villandi sem slíkt enda bendi það til þess að viðkomandi félag eigi fleiri en eina þyrlu. Þannig virðist ásetningur félagsins að villa um fyrir viðskiptavinum Norðurflugs sem rétthafa lénsins helicopter.is.

Þá kemur fram í bréfi Norðurflugs að það virðist sérstakt markmið Þyrluþjónustunnar að villa um fyrir viðskiptavinum Norðurflugs eða taka af Norðurflug viðskipti. Eftir gjaldþrot Þyrluþjónustunnar virðist sem enn meiri harka sé í að villa um fyrir viðskiptavinum. Ekki sé hægt að komast nær heli.is með léninu helo.is án þess að mynda orðskrípi, sbr. helf eða help. Þá sé Helo sett fyrir framan „Helicopter Service of Iceland“ sem sé vörumerki Norðurflugs. Á þyrlu félagsins sé að finna Helicopter Service Iceland og búið sé að taka eitt orð í burtu, þ.e. „of“.

Vísað sé til fyrri áþekkra mála, sbr. ákvörðun samkeppnisráðs nr. 25/2003, um billinn.is og bill.is en einkum ákvörðun samkeppnisráðs í máli nr. 25/2004 þar sem notkun lénsins merkingar.is, fleirtala af orðinu merking.is hafi verið bönnuð.



Þess sé farið á leit við Neytendastofu að Þyrluþjónustunni verði gert að hætta að nota [helicopters.is](http://helicopters.is) og skoðað verði hvort heitið HELO HELICOPTER SERVICE OF ICELAND brjóti í bága við lög um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005.

## **II. Málsmeðferð**

### **1.**

Erindi Norðurflugs var sent Þyrluþjónustunni til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 3. febrúar 2014. Í bréfinu kemur fram það mat stofnunarinnar að ákvæði 5. gr. laga nr. 57/2005 geti einnig komið til álita í málinu. Svar Þyrluþjónustunnar barst með bréfi, dags. 21. febrúar 2014.

Í bréfi Þyrluþjónustunnar kemur fram að Norðurflug reki samskipti við annað félag vegna lénsins [nordurflug.com](http://nordurflug.com) og því sé haldið fram að um sömu eigendur sé að ræða. Þyrluþjónustan bendi á að ekki þurfi annað en símtal til fyrirtækjaskrár til þess að ganga úr skugga um hvort um sömu eigendur eða stjórnendur að ræða.

Þá segir að í bréfi Neytendastofu komi fram að kvörtunin nái yfir notkun á léninu [helicopters.is](http://helicopters.is) og nafnið HELO HELICOPTER SERVICE OF ICELAND. Í erindi Norðurflugs komi þó eftirfarandi fram: „Því miður höfum við engan annan valkost en að kæra notkun lénsins [helicopters.is](http://helicopters.is) og einnig áskiljum við okkur rétt að skoða og meta hvort það eigi að kæra skrásett vörumerki Helo“. Þyrluþjónustan fái ekki skilið þetta á annan hátt en að kvörtunin nági eingöngu til lénsins [helicopters.is](http://helicopters.is)

Þyrluþjónustan telji nauðsynlegt að fara stuttlega yfir atvik máls til þess að varpa frekara ljósi á það. Þegar Þyrluþjónustan hafi hafið rekstur, haustið 2012, hafi starfsemin verið markaðssett sem „Helicopter Service Iceland“ og notast hafi verið við lénið [helicopterice.land.is](http://helicopterice.land.is), enda hafi þá legið fyrir ákvörðun Neytendastofu að orðin Helicopter, Service og Iceland væru svo almenn að enginn gæti krafist einkaréttar á notkun þeirra. Í flugbókum félagsins sé notast við enska heitið Helicopter Service of Iceland með leyfi Flugmálastjórnar. Bækur félagsins hafi verið samþykktar og því veitt flugrekstrarleyfi þann 1. nóvember 2012.

Strax í upphafi reksturs Þyrluþjónustunnar hafi verið fjárfest í mörgum lénunum í þeim megin tilgangi að hjálpa til við leitarvélarbætur en einnig vegna þess að ekki hafi verið búið að hanna vörumerki fyrir félagið. Þeirra á meðal megi nefna [helo.is](http://helo.is), [helicopters.is](http://helicopters.is), [heliice.is](http://heliice.is) og [helicopterice.land.is](http://helicopterice.land.is). Þessi lén hafi verið tengd heimasíðu Þyrluþjónustunnar frá upphafi starfseminnar. Þess megi geta að þegar Þyrluþjónustan hafi keypt lénið [helicopters.is](http://helicopters.is) hafi lén



Norðurflugs, helicopter.is, eingöngu virkjast sem tengill inn á aðra síðu. Það hafi verið skráð á Sigurð Pálmason sem hafi tengt það inn á almenna upplýsingasíðu um þyrlur á alfræðiorðabókinni Wikipedia í meira en hálf ár.

Samkvæmt upplýsingum frá ISNIC hafi Norðurflug ekki orðið rétthafi lénsins helicopter.is fyrr en 16. maí 2013. Á þeim tíma hafi fyrirsvarsmenn Norðurflugs vitað eða mátt vita að helicopters.is væri í notkun hjá Þyrluþjónustunni. Það sé því ansi sérstakt að reyna að halda því fram að Þyrluþjónustan hafi verið að herma eftir Norðurflugi, þar sem staðreyndir málsins sýni að því hafi verið öfugt farið. Með réttu ætti það því að vera Þyrluþjónustan sem kvarti undan því að Norðurflug hafi hafið notkun á léninu helicopter.is þar sem Þyrluþjónustan hafi þegar verið farin að nota lénið helicopters.is meira en hálfu ári áður en Norðurflug eignaðist og hóf að nota lénið helicopter.is í starfsemi sinni.

Þá séu þær staðhæfingar að það hafi verið ásetningur Þyrluþjónustunnar með kaupum á léninu helicopters.is að villa um fyrir viðskiptavinum Norðurflugs og rýra eign þeirra með öllu rangar þar sem ekki hafi verið hægt að geta sér til um þá atburðarás sem átti eftir að eiga sér stað þegar Norðurflug keypti réttinn að léninu og vörumerkinu löngu síðar. Þau rök Norðurflugs að lénið samræmist ekki rekstri Þyrluþjónustunnar þar sem það sé í fleirtölu þrátt fyrir að bjóða einungis upp á eina þyrlu halda heldur ekki. Þar sem Þyrluþjónustan selji oft flug með öðrum þyrlum, þótt hún reki þær ekki sjálf, þá hafi fyrirtækið haft þrjár þyrlur í rekstri síðasta sumar. Þar af hafi tvær verið í svokallaðri blautleigu og stefnt sé að því að hafa tvær þyrlur í rekstri komandi sumar. Með þessu móti væri hægt að segja að allar ferðasöluskrifstofur sem bjóði viðskiptavinum sínum upp á þyrluflug í umboðssölu og markaðssetji þyrluflug séu með villandi upplýsingar þar sem þær reki ekki þyrlur sjálfar.

Þrátt fyrir að hægt sé að skilja erindi Norðurflugs á þann veg að kvörtun beinist ekki að vörumerkinu HELO HELICOPTER SERVICE OF ICELAND þá sé þó vert að taka fram að þegar Norðurflug hafi keypt vörumerki með tákmynd af spöðum og orðasambandinu „Helicopter Service of Iceland“ af þrotabúi félagsins B230 ehf. (fyrrum Þyrluþjónustunni hf.) þá hafi Þyrluþjónustan þegar hafið notkun á heitinu Helo-Helicopter Service of Iceland. Þetta sé eitthvað sem ekki eigi að geta farið framhjá fyrirsvarsmönnum Norðurflugs og ekki sé hægt að álykta á annan veg en að fyrrgreind fjárfesting þeirra hafi verið gerð í þeim tilgangi að ná þeirri markaðshlutdeild sem Þyrluþjónustan hafi þá þegar verið búin að byggja upp á skömmum tíma.

Það sem komi enn meira á óvart við erindi Norðurflugs sé að í ákvörðun Neytendastofu nr. 41/2012 sem Norðurflug hafi verið aðili að hafi verið tekist á um orðnotkunina „Helicopter Service Iceland“. Í ákvörðuninni hafi verið kveðið á um að vörumerkjaskráning veitti félaginu ekki einkarétt til notkunar „Helicopter Service Iceland“. Hafi Neytendastofa tekið fram að hún teldi orðin Helicopter, service og Iceland öll almenn orð og skorta sérkenni til þess að einn aðili



gæti notið einkaréttar á þeim. Þá hafi Neytendastofa talið orðasambandið „Helicopter Service Iceland“ hafi verið svo lýsandi fyrir þjónustu beggja aðila, sem báðir hafi rekið þyrluþjónustu, að ekki hafi verið hægt að öðlast einkarétt á því. Á þeim grundvelli hafi ekki verið hægt að banna notkun á orðasambandinu „Helicopter Service in Iceland“.

Ástæða þess að nafnið Helo hafi orðið fyrir valinu sem vörumerki fyrirtækisins hafi verið sú að það hafi verið talið einfalt og lýsandi fyrir starfsemina og virki vel á flestum tungumálum þar sem Helo sé eitt form af styttingu á enska orðinu helicopter eins og sjá megi til dæmis í Merriam Webster orðabókinni.

Að því er varði líkingu heitisins Helo við eitt af lénum Norðurflugs heli.is sé ljóst að Norðurflug sé hvorki með Heli né heli.is sem skrásett vörumerki. Norðurflug hafi alltaf markaðssett sig undir vörumerkinu Norðurflug og virðist ekki leggja áherslu á lénið heli.is í markaðssetningu sinni. Þegar ákveðið hafi verið að markaðssetja Þyrluþjónustuna undir vörumerkinu Helo þá hafi verið lögð sérstök áhersla á að hanna tákn með orðinu sem skapaði sérstöðu og aðgreiningu frá öðrum aðilum á þessum takmarkaða markaði og myndi auðvelda fyrirtækinu að skapa sterka vörumerkjavitund viðskiptavinarins gagnvart Þyrluþjónustunni enda megi sjá að yfirbragð, litaval og stíll Þyrluþjónustunnar sé alls ólíkur öðrum aðilum á markaðnum. Þó séu þyrlur alltaf þyrlum líkar og takmörk fyrir því hvað hægt sé að vera frumlegur ef viljinn sé að viðskiptavinurinn tengi markaðssetninguna við þá þjónustu sem verið sé að bjóða upp á.

Það sé því vert að benda á að það verði frekar erfitt fyrir aðra aðila í þyrlurekstri að koma sér á framfæri ef Norðurflug, sem sé í markaðsráðandi stöðu, ætlaði að banna öðrum þyrluþjónustum að nota vörumerki og lén sem tengist orðinu helicopter eða innihéldu orðið heli eða sambærileg orð.

## 2.

Bréf Þyrluþjónustunnar 2014 var sent Norðurflugi til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 3. mars 2014. Ekkert svar barst og var ósk um umsögn ítrekuð með bréfi Neytendastofu til Norðurflugs, dags. 24. mars 2014. Svar Norðurflugs barst þann 28. mars 2014 með bréfi, dags. 12. mars 2014.

Í bréfinu kemur fram að harmað sé að Þyrluþjónustan láti ekki af háttsemi sinni. Í ákvörðun Neytendastofu nr. 25/2012 hafi Þyrluþjónustunni verið gert að láta af notkun lénsins nordurflug.com og hafi verið vonast til þess að Þyrluþjónustan gerði slíkt hið sama með lénið og vörumerkið.

Hægt sé að benda á nokkur tengsl núverandi og fyrrverandi eigenda. Vegna skráningar lénsins helicopters.is á tiltekna lögmannsstofu þá sé ekki hægt að komast hjá því að benda á að lögmaður



Þyrluþjónustunnar og tengiliður lénsins [helicopters.is](http://helicopters.is) hafi verið stjórnarmaður (meðstjórnandi frá 3. ágúst 2012) í Þyrluþjónustunni sem varð gjaldþrota. Norðurflug hafi sýnt fram á að þegar slegið var inn [helicopters.is](http://helicopters.is) hafi notandi ekki farið inn á lögmannsstofuna heldur beint inn á vef þyrlufélagsins Helo. Lögmaðurinn hafi verið meðvitaður um öll mál er tengdust lénum og vörumerkjum Þyrluþjónustunnar þar sem lögmaðurinn hafi séð um málsvörn Þyrluþjónustunnar vegna ákvörðunar Neytendastofu nr. 25/2012.

Fullyrðingar um að engin tengsl séu milli gamla og nýja félagsins standist ekki skoðun og samskipti við neytanda á Facebook síðu Þyrluþjónustunnar staðfesti það. Þar komi fram að Helo sé ekki nýtt félag heldur hafi það áður verið Þyrluþjónustan en sé nú Þyrluþjónustan Helo. Norðurflug bendi jafnframt á að orðið „Ísland“ sé ekki notað í svari félagsins á Facebook. Beinast liggi við að félagið notist við „Helicopter Service in Iceland“ en alls ekki með sama nafn með orðinu „of“. Einföld þýðing á Þyrluþjónustan Helo sé einfaldlega „Helo Helicopter Service“. Þá hafi Þyrluþjónustan skráð fyrra vörumerki skráningarnúmer 858/2009 þar sem lénið sé tilgreint [helicopter.is](http://helicopter.is) ásamt Helicopter Service Iceland. Skýrari tengingu sé varla hægt að finna og staðfesti alla vitneskju um lénið [helicopter.is](http://helicopter.is) og vörumerkið sem innihaldi „Helicopter Service of Iceland“. Ekki sé hægt annað en að álykta annað en að þau atriði sem notuð séu til þess að villa um fyrir viðskiptavinum Norðurflugs hafi verið framkvæmd með upplýstum vilja og ásetningi.

Samkvæmt framlögðum gögnum Norðurflugs þá sjáist að þyrla Þyrluþjónustunnar hafi setninguna „Helicopter Service Iceland“ neðst að framanverðu sem sé skýr hluti vörumerkis, sbr. skráð vörumerki nr. 858/2009. Þyrluþjónustunni hafi verið bent á notkun á vörumerki, léni og öðru en líklega sé Norðurflug seinþreytt til vandræða. Nú sé hins vegar tími til kominn að úrskurða um öll málefni er tengist Þyrluþjónustunni enda ljóst af bréfi Þyrluþjónustunnar að fyrirtækið beri ekki með sér neinn vilja til þess að leita sátta.

Hið eldra félag, Þyrluþjónustan hf., hafi átt og notað lénið [helicopter.is](http://helicopter.is) og Þyrluþjónustan hafi verið meðvituð um það. Notkun nýs léns í fleirtölu sýni skýran ásetning. Þyrla Þyrluþjónustunnar hafi áður verið í eigu hins eldra félags og var merkt [helicopter.is](http://helicopter.is), hið eldra félag reyndi að kaupa lénið [helicopter.is](http://helicopter.is) af þrotabúinu og því gat ekki farið framhjá því betri réttur Norðurflugs. Í bréfi Þyrluþjónustunnar segi að fjárfest hafi verið í mörgum lénum og var ljóst að til væru lén sem væru mjög lík eða eintala af léninu [helicopter.is](http://helicopter.is) sem hafi þá verið í eigu þrotabúsins. Þá ítreki Norðurflug tilvísun til ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 25/2004.

Að því er varði vörumerkið „Helo-Helicopter Service of Iceland“ þá beinist kvörtun Norðurflugs að einu orði í nafninu „Helicopter Service of Iceland“, þ.e. að Þyrluþjónustunni verði gert að skipta út „of“ og setja „in“ í staðinn sem sé lýsandi fyrir þá starfsemi sem félagið sinni. Vörumerki Norðurflugs hafi verið á hinn nýju þyrlu sem upphaflega hafi verið fengin hingað til



lands af Þyrluþjónustunni hf. en yfirtekin af Þyrluþjónustunni eftir gjaldþrot hins fyrra félags. Vörumerkið „Helo-Helicopter Service of Iceland“ sé sláandi líkt því vörumerki sem Norðurflug hafi keypt af þrotabúi Þyrluþjónustunnar hf.

Að því er varði tilvísun í ákvörðun Neytendastofu nr. 41/2012 þá sé Norðurflug sammála Neytendastofu og hafi enga athugasemd um notkun á lýsandi orði „Helicopter Service in Iceland“. Með því að setja „of“ í stað „in“ breytist merking orðsins og ekki sé verið að lýsa þjónustu hérlendis heldur sé um að ræða nafnorðið Þyrluþjónustan sem sé alls ekki það sama og Helo Þyrluþjónusta. Það sé Norðurflugi hulin ráðgáta hvernig „Helo Þyrluþjónusta“ geti verið snúið yfir á ensku sem „Helo-Helicopter Service of Iceland“.

Kvörtun Norðurflugs beinist ekki að heitinu Helo. Kvörtun Norðurflugs beinist að léninu helicopters.is sem sé fleirtölumynd af orðinu þyrlu (helicopter.is) og því að „Helicopter Service Iceland“ sé beint inn á vef Helo. Beinist kvörtunin að HELO HELICOPTER SERVICE OF ICELAND.

Þá vísi Norðurflug til laga um vörumerki nr. 45/1997 til stuðnings þess að tekið verði út „of“ og sett inn „in“ í stað þess. Helicopter Service of Iceland sé hluti vörumerkis Norðurflugs og sé lýsandi fyrir merkið og starfsemina og því gildi eldri réttur, sbr. 7. gr. laga um vörumerki.

Leita hefði átt heimildar Norðurflugs vegna hættu á ruglingi, sbr. 4. gr. laga um vörumerki. Það hafi ekki verið gert þrátt fyrir að Þyrluþjónustunni væri ljóst að verið væri að brjóta á vörumerkinu. Sterk rök hnígi að því að ekki hefði átt að skrá HELO HELICOPTER SERVICE OF ICELAND, sbr. 2. tölul. 14. gr. laga um vörumerki. Athugasemd Norðurflugs sé fyllilega innan skilyrða 8. og 9. gr. laga um vörumerki þannig að lagfæra megi skráninguna, sbr. 28. gr. laga um vörumerki.

Að því er varði notkun vörumerkisins, sbr. 25. gr. laga um vörumerki, þá hafi Norðurflug ákveðið að innleiða hið keypta vörumerki samhliða nýju markaðsefni til að valda ekki óþarfa kostnaði. Norðurflug hafi strax notað lénið helicopter.is sem Þyrluþjónustan notaði eftir stofnun þess. Bent skuli á 1. tölul. 6. gr. laga um vörumerki, þ.e. ekki sé verið að hindra að heiti á atvinnustarfsemi sé raskað. Þá sé aftur vísað til ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 25/2003. Þá ítreki Norðurflug bréf sitt, dags. 10. desember 2013.

Leitarvélarbætur rugli viðskiptavini Norðurflugs og ef nafnið Helicopter Service Iceland sé sett inn í leitarvélina google.com þá komi síða Þyrluþjónustunnar upp. Viðskiptavinir Norðurflugs séu að mestu erlendir og líkur til að þeir leiti m.a. eftir Helicopter Service of Iceland sem sé hluti vörumerkis Norðurflugs. Þess sé krafist að Þyrluþjónustunni verði gert að hætta að nota lénin helicopters.is og helicoptericeland.is. Þess sé krafist að Þyrluþjónustunni verði gert að taka út



„of“ og setja inn „in“ í heitinu „Helicopter Service of Iceland“. Þá áskilji Norðurflug sér rétt til skaðabóta, sbr. 43. gr. laga um vörumerki.

### 3.

Bréf Norðurflugs, dags. 12. mars 2014, var sent Þyrluþjónustunni til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 1. apríl 2014. Svar Þyrluþjónustunnar barst með bréfi, dags. 30. apríl 2014.

Í bréfi Þyrluþjónustunnar segir að í báðum erindum Norðurflugs leggi Norðurflug mikla áherslu á að samsama Þyrluþjónustuna við annað félag sem hafi heitið Þyrluþjónustan hf. Nafni þess félags hafi síðar verið breytt í B230 ehf. og sé það félag nú undir gjaldþrotaskiptum og hafi enga starfsemi með höndum í dag. Ekki verði að fullu séð hver tilgangur þessarar samsömunar sé fyrir umkvörtunarefni Norðurflugs sem beinist að því að notkun Þyrluþjónustunnar á léninu helicopters.is og vörumerkinu HELO HELICOPTER SERVICE OF ICELAND feli í sér ruglingshættu við lén Norðurflugs, helicopter.is og vörumerkið HELICOPTER SERVICE ICELAND sem Norðurflug keypti af þrotabúi B230 ehf.

Þyrluþjónustan telji því ekki ástæðu til þess að eltast við að hrekja staðhæfingar Norðurflugs sem lúti að meintum tengslum Þyrluþjónustunnar við hið gjaldþrota félag B230 ehf. Þó skuli það tekið fram að þar sem rekstur og leiga á þyrlum hér á landi sé mjög smár og fámennur iðnaður sé ekkert óeðlilegt við að hægt sé að finna einhver tengsl á milli Þyrluþjónustunnar og B230 ehf. sem áður hafði með höndum þyrlurekstur. Ítrekað sé í þessu samhengi að um sé að ræða tvo ólíka lögaðila með ólíkt eignarhald og ólíka stjórn.

Norðurflug fullyrði að Þyrluþjónustan hafi með samskiptum sínum á samskiptamiðlinum Facebook staðfest að félagið tengist B230 ehf. Gæti þar misskilnings Norðurflugs. Þyrluþjónustan hafi verið að svara fyrirspurn um það hvort félagið væri nýtt á markaði og þar með fjórða félagið í rekstri. Í svarinu sé vísað til þess að félagið sem á fyrstu mánuðum reksturs árið 2012 hafi kynnt þjónustuna héraðs aðallega undir nafninu Þyrluþjónustan en væri nú markaðssett sem Helo Helicopter Service of Iceland og væri ekki um nýtt félag að ræða í þeim skilningi heldur breytingu á markaðssetningu. Verið hafi verið að leiðrétta misskilning um að Þyrluþjónustan og Helo væru tvö aðskilin félög og því væru ekki fjögur heldur þrjú félög í þessum rekstri á Íslandi. Þá skuli það tekið fram af gefnu tilefni að vörumerkinu HELO HELICOPTER SERVICE OF ICELAND sé ekki ætlað að vera bein þýðing á heiti Þyrluþjónustunnar og komi vangaveltur Norðurflugs um réttmæta þýðingu því málinu ekki við.

Að því er varði rugling við lénið helicopter.is þá sé staðhæfingum Norðurflugs algjörlega hafnað. Fyrir liggja að Þyrluþjónustan sé skráður réttihafi lénsins helicopters.is hjá ISNIC og hafi því ekki brotið gegn fyrri málslið 15. gr. a. laga nr. 57/2005. Til þess að auðkenni geti notið þess einkaréttar sem kveðið sé á um í síðari málslið ákvæðisins verði auðkennið að hafa ákveðna





sérstöðu. Í slíkri sérstöðu felist að auðkennið verði að geta aðgreint eiganda og notanda þess, eða vöru og þjónustu hans, frá keppinauti. Sé viðkomandi auðkenni talið vera almennt orð eða lýsandi fyrir vöru eða þjónustu sem keppinautar bjóði þá geti notkun auðkennisins ekki notið einkaréttar.

Orðið helicopter sé einmitt almennt orð án allra sérkenna, þar sem það sé einfaldlega enskt orð yfir þylu. Sé orðið því aðeins lýsandi fyrir þá þjónustu sem verið sé að veita. Hafi orðið því engin sérkenni eða tengsl við starfsemi Norðurflugs umfram starfsemi Þyrluþjónustunnar. Njóti orðið helicopter eða lénið helicopter.is af þeim sökum því ekki verndar síðari málsliðar 15. gr. a. laga nr. 57/2005 og sé Þyrluþjónustan í fullum rétti að nota lénið helicopters.is. Þessu til stuðnings sé vísað til ákvarðana Neytendastofu nr. 26/2012 og nr. 11/2014.

Norðurflug vísi til þess að Þyrluþjónustan sé með notkun lénsins helicopters.is að taka upp fyrra háttalag sitt að villa á sér heimildir, sbr. ákvörðun Neytendastofu nr. 25/2012. Ekki verði séð hvaða tilgangi tilvísun Norðurflugs til þess máls þjóni varðandi það mál sem nú sé til meðferðar. Í fyrsta lagi hafi verið um annan lögaðila að ræða með annað eignarhald og stjórn. Í öðru lagi séu þessi tvö mál ekki sambærileg þar sem B230 ehf. hafi notað skráð firmanafn Norðurflugs í máli nr. 25/2012. Af sama meiddi sé tilvísun Norðurflugs til ákvörðunar Samkeppnisstofnunar í málum nr. 25/2004 og nr. 25/2003. Kvartandi í hinu fyrra máli hafi kvartað yfir notkun annars fyrirtækis á notkun lénsins merkingar.is vegna líkingar við lénið merking.is. Í því máli hafi lénið verið fleirtölumynd skráðs firmameitis kvartanda og því talin vera til staðar ruglingshætta. Niðurstaðan í hinu síðara máli sé efnislega sú sama vegna lénanna bill.is og billinn.is. Fyrir liggja í málinu sem til umfjöllunar sé að ekki sé um að ræða notkun á skráðu firmanafni og notkun Þyrluþjónustunnar á léninu helicopters.is því heimil, sbr. fyrrgreindar ákvarðanir Neytendastofu í málum nr. 26/2012 og nr. 11/2004.

Í erindi sínu fari Norðurflug fram á að Neytendastofa skoði hvort notkun Þyrluþjónustunnar á vörumerkinu HELO HELICOPTER SERVICE OF ICELAND brjóti í bága við ákvæði laga nr. 57/2005. Ekki verði séð af erindi Norðurflugs hvernig Norðurflug telji Þyrluþjónustunna brjóta gegn lögnum. Af síðara erindi Norðurflugs megi ráða að Norðurflug telji notkun Þyrluþjónustunnar á umræddu orðasambandi feli í sér ruglingshættu við orðasambandið „Helicopter Service of Iceland“ sem Norðurflug telji sig eiga skráð sem vörumerki hjá Einkaleyfastofu og feli þannig í sér brot gegn 15. gr. a. laga nr. 57/2005.

Á sama hátt og við eigi um ruglingshættu á lénunum helicopter.is og helicopters.is sé ljóst að fyrri málsliður 15. gr. a. laga nr. 57/2005 eigi ekki við í þessu samhengi þar sem Þyrluþjónustan sé með vörumerkið HELO HELICOPTER SERVICE OF ICELAND skráð hjá Einkaleyfastofu, sbr. skráningarnúmer 618/2013. Norðurflug hafi hins vegar þann 16. maí 2013 fengið skráð vörumerkið HELICOPTER SERVICE ICELAND hjá Einkaleyfastofu, sbr. skráningarnúmer



858/2009 en ekki „Helicopter Service of Iceland“ líkt og Norðurflug haldi fram. Hvað varði síðari málslið lagaákvæðisins þá sé ljóst að bæði hluti skráðs vörumerkis Þyrluþjónustunnar „Helicopter Service of Iceland“ og skráð vörumerki Norðurflugs HELICOPTER SERVICE ICELAND innihaldi einungis almenn orð, skorti sérkenni og séu aðeins lýsandi fyrir þjónustu fyrirtækjanna. Njóti umrædd orðasambönd því ekki verndar 15. gr. a. laga nr. 57/2005. Þessi niðurstaða hafi m.a. verið staðfest í ákvörðun Neytendastofu í máli nr. 41/2012, þar sem B230 ehf. hafi krafist þess að Norðurflugi yrði bönnuð notkun orðasambandsins „Helicopter Service in Iceland“, á grundvelli skráðs vörumerkis B230 ehf. HELICOPTER SERVICE ICELAND.

Áréttað sé að skráning Norðurflugs á vörumerkinu HELICOPTER SERVICE ICELAND taki til orð- og myndmerkis en ekki orðasambandsins. Þar sem um sé að ræða almenn og algeng orð án sérstöðu komi einkaréttur á slíkum orðasamböndum ekki til álita og Einkaleyfastofa myndi hafa synjað um skráningu á slíkum orðasamböndum sem vörumerki, sbr. 13. gr. laga nr. 45/1997, um vörumerki. Fyrir liggir að skráð orð- og myndmerki Þyrluþjónustunnar HELO HELICOPTER SERVICE ICELAND sé gjörólíkt, m.a. vegna yfirbragðs, litar og forms og því sé augljóslega ekki um ruglingshættu að ræða. Af ofangreindu leiði að Þyrluþjónustan sé í fullum rétti að nota orðasambandið „Helicopter Service of Iceland“ og ætti samkvæmt skráningum ríkari rétt til notkunar orðsins „of“ í því sambandi.

Þá verði ekki ráðið af erindum Norðurflugs að kvörtunin beinist að notkun Þyrluþjónustunnar á léninu helicoptericeland.is. Þrátt fyrir það sé vikið að því í síðara erindi Norðurflugs að Þyrluþjónustunni verði gert að láta af notkun lénsins helicoptericeland.is. Ekki sé þó að finna neina efnislega umfjöllun hvers vegna Norðurflug telji að Þyrluþjónustan eigi að láta af notkun lénsins eða gegn hvaða reglum Norðurflug telji að notkunin stríði. Í öllu falli sé ljóst með vísan til fyrri umfjöllunar að Norðurflug geti ekki átt einkarétt eða ríkari rétt til notkunar þess léns. Enda sé Þyrluþjónustan skráður rétthafi þess.

Af öllu ofangreindu sé ljóst að Þyrluþjónustan hafi ekki brotið gegn 15. gr. a. laga nr. 57/2005 eða öðrum ákvæðum laganna. Enn fremur sé engin stoð fyrir staðhæfingum um að eigendur og stjórnendur Þyrluþjónustunnar hafi með beinum ásetningi verið að villa um fyrir viðskiptavinum Norðurflugs með notkun lénsins helicopters.is og vörumerkinu HELO HELICOPTER SERVICE ICELAND og rýra þau verðmæti sem Norðurflug festi kaup á af þrotabúi B230 ehf. Þegar Þyrluþjónustan hafi skráð lénið helicopters.is þann 13. september 2012 og hafið að nota vörumerkið HELO HELICOPTER SERVICE OF ICELAND við markaðssetningu hafi lénið helicopter.is verið í eigu Sigurðar Pálmasonar fyrrverandi framkvæmdastjóra B230 ehf. og hafi ekki verið notað í sambandi við þyrlustarfsemi. Norðurflug hafi ekki fest kaup á léninu helicopter.is og vörumerkinu fyrr en 16. maí 2013 eftir að Þyrluþjónustan hafði skráð lénið helicopters.is og hafið notkun á vörumerkinu HELO HELICOPTER SERVICE OF ICELAND. Ekki hafi verið hægt að vita þegar fest hafi verið kaup á helicopters.is að lénið helicopter.is og



vörumerkið HELICOPTER SERVICE ICELAND myndi komast í eigu þrotabús B230 ehf. eða hvað þá í eigu Norðurflugs og hafi verið alls óljóst á þeim tíma hvort fyrrgreind lén og vörumerki yrðu nokkurn tíma virk aftur.

Af framansögðu sé því ljóst að Þyrluþjónustan hafi á engan hátt reynt að villa um fyrir viðskiptavinum Norðurflugs hvorki af ásetningi eða gáleysi heldur aðeins til að reyna að markaðssetja og kynna rekstur sinn með fullkomlega eðlilegum og lögmætum hætti. Að þessu virtu hefði því í raun verið nærtækara að Þyrluþjónustan hefði kvartað til Neytendastofu yfir notkun Norðurflugs á léninu helicopter.is.

Að gefnu tilefni vilji Þyrluþjónustan ítreka að logoinu sem í upphafi reksturs hafi verið á þyrlu félagsins hafi verið skipt út strax og vitað var að Norðurflug hefði eignast það og var þá nýtt logo Þyrluþjónustunnar sett á vélina. Það sé ekkert launungamál að Þyrluþjónustan hafi boðið í lénið helicopter.is þegar það hafi verið til sölu enda hafi lénið verið sprautað þvert yfir umrædda þyrlu og umstang að breyta því. Þá sé rétt að á þyrlunni standi ennþá orðin Helicopter, Service og Iceland og telji Þyrluþjónustan það ekki stríða gegn 15. gr. a. laga nr. 57/2005, sbr. ákvörðun Neytendastofu nr. 41/2012.

#### 4.

Bréf Þyrluþjónustunnar var sent Norðurflugi til upplýsingar með bréfi dags. 19. maí 2014 og aðilum málsins tilkynnti að gagnaöflun í málinu væri lokið. Með bréfinu fylgdi listi yfir gögn málsins.

### III.

#### Niðurstaða

#### 1.

Í máli þessu kvartar Norðurflug ehf. yfir notkun Þyrluþjónustunnar ehf. á léninu helicopters.is og vörumerkinu HELO HELICOPTER SERVICE OF ICELAND til auðkenningar á fyrirtækinu. Norðurflug eigi skráð vörumerkið HELICOPTER SERVICE ICELAND og lénið helicopter.is. Líkindi séu mikil með auðkennunum og ásetningur Þyrluþjónustunnar að villa um fyrir viðskiptavinum Norðurflugs. Þá sé einnig kvartað yfir notkun Þyrluþjónustunnar á léninu helicoptericeland.is. Í seinna bréfi Norðurflugs er einnig tekið fram að kvörtun fyrirtækisins beinist ekki að notkun Þyrluþjónustunnar á auðkenninu Helo.

Þyrluþjónustan hefur hafnað því að ruglingshætta sé með auðkennunum. Til þess séu auðkennin of almenn og sérkennalaus til að veita einkarétt. Vísað sé til ákvörðunar Neytendastofu nr. 41/2012 þar sem ekki hafi verið ástæða til aðgerða vegna notkunar á vörumerkinu



HELICOPTER SERVICE ICELAND. Þá hafi Norðurflug hafið notkun á léninu helicopter.is á eftir notkun Þyrluþjónustunnar á léninu helicopters.is.

Í erindi sínu vísar Norðurflug með almennum hætti til laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Að mati Neytendastofu koma ákvæði 15. gr. a., sbr. 5. gr. laganna til álita í málinu.

## 2.

Í 5. gr. laganna kemur fram að óréttmætir viðskiptahættir séu bannaðir. Bannið gildi áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fara fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Ákvæði 15. gr. a. er svohljóðandi:

*„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar, eða reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“*

Í ákvæðinu felst almenn vernd auðkenna sem kemur til fyllingar á vörumerkjavernd. Efnislega er 15. gr. a. samhljóða ákvæði eldri laga um almenna vernd auðkenna. Fyrri málsliður 15. gr. a. hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og vörumerki, sem annar á. Rétturinn til þessara auðkenna getur hvílt á sérlöggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð og því um líkt. Af lögskýringargögnum sést glögg að ákvæðið skiptir máli um viðbótarvernd við þá vernd sem framangreind sérlög veita auðkennum. Þar kemur einnig fram að í 2. másl. greinarinnar sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti. Þetta ákvæði tekur því til sömu auðkenna og almenna reglan í 1. másl. Þessi málsliður á við í þeim tilvikum sem báðir málsaðilar eiga rétt til auðkenna sinna og þarf þá að líta til þess hvort notkun þess sem seinna byrjaði notkun valdi ruglingshættu milli aðila.

Norðurflug á skráð orð- og myndmerkið HELICOPTER SERVICE ICELAND hjá Einkaleyfastofu sem upprunalega var skráð þann 2. nóvember 2009, sbr. skráningarnúmer 858/2009. Um er að ræða orð- og myndmerki sem samanstendur af mynd af þyrluspöðum og orðunum HELICOPTER SERVICE ICELAND í gráum lit á svörtum grunni. Norðurflug á einnig skráð orð- og myndmerkið ÞYRLUÞJÓNUSTAN HELICOPTER.IS sem einnig var upprunalega skráð hjá Einkaleyfastofu þann 2. nóvember 2009, sbr. skráningarnúmer 857/2009. Merkið er



myndrænt nærri eins og hið fyrra merki. Þá á Norðurflug skráð lénið helicopter.is hjá rétthafaskrá ISNIC og var félagið skráður rétthafi lénsins þann 16. maí 2013.

Þyrluþjónustan á skráð orð- og myndmerkið HELO HELICOPTER SERVICE OF ICELAND hjá Einkaleyfastofu sem skráð var þann 31. júlí 2013, sbr. skráningarnúmer 618/2013. Þá á Þyrluþjónustan skráð orð- og myndmerkið HELO sem skráð var þann 31. júlí 2013, sbr. skráningarnúmer 617/2013. Bæði merki samanstanda af mynd af dökkbláum vængjum á hvítum grunni með orðinu Helo í miðið en hið fyrra merki hefur auk þess orðin HELICOPTER SERVICE OF ICELAND ritað undir í sama lit. Þyrluþjónustan á einnig lénið helicopters.is skráð hjá rétthafaskrá ISNIC og var Þyrluþjónustan skráður rétthafi lénsins þann 17. febrúar 2014. Fyrri eigandi var Saga Ýrr Jónsdóttir hdl. sem var skráður rétthafi lénsins frá stofnun þess þann 13. september 2012.

Bæði fyrirtækin hafa því rétt til notkunar ofangreindra auðkenna í skilningi 15. gr. a. laga nr. 57/2005. Að mati Neytendastofu á því 2. málsliður 15. gr. a. við í málinu. Því skal litið til þess hvort ruglingshætta í skilningi 15. gr. a. sé fyrir hendi milli annars vegar auðkenna félaganna og hins vegar léna.

### 3.

Réttur til vörumerkis getur stofnast annars vegar fyrir skráningu og hins vegar fyrir notkun. Meginreglan er sú að eigandi merkis öðlast einkarétt til nafnsins og er öðrum þar með óheimilt að nota það eða annað nafn sem líkist því svo mikið að ruglingshætta skapist. Ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005 er einkum ætlað að vernda auðkenni gegn því að keppinautur noti annað auðkenni sem líkist því mikið. Við mat á ruglingshættu er litið til þess hvort málsaðilar séu í samkeppni og hvort þeir séu á sama markaðssvæði. Til þess að njóta einkaréttar verður vörumerkið að vera þess eðlis að það geti aðgreint eiganda vörumerkis málsaðila eða vöru hans eða þjónustu frá keppinautum og takmarkast verndin því við að vörumerkið sé ekki almennt orð og lýsandi fyrir þá vöru eða þjónustu sem málsaðili og keppinautar hans bjóða.

Aðilar málsins eru keppinautar á sama markaði. Þeir bjóða samskonar þjónustu, þ.e. verkflug og farþegaflug í atvinnuskyni með þyrlum. Kemur því til skoðunar hvort skráning og notkun Þyrluþjónustunnar á lénunum helicopter.is og helicoptericeland.is og notkun á vörumerkinu HELO HELICOPTER SERVICE OF ICELAND geti valdið ruglingshættu milli aðila.

Norðurflug á eins og áður segir skráð orð- og myndmerkið HELICOPTER SERVICE ICELAND hjá Einkaleyfastofu og nýtur því einkaréttar á því orðasambandi í þeirri stílfærðu mynd sem vörumerkið er. Vörumerkjaskráningin veitir Þyrluþjónustunni hins vegar ekki einkarétt til notkunar orðasambandsins „Helicopter Service Iceland“. Þaðan af síður veitir skráningin Norðurflugi einkarétt til notkunar orðasambandsins „Helicopter Service of Iceland“. Þá fæst ekki



séð að Norðurflug hafi sérstaklega markaðssett starfsemi sína með orðasambandinu „Helicopter Service of Iceland“. Neytendastofa telur sem fyrr, sbr. ákvörðun stofnunarinnar nr. 41/2012 að orðin helicopter, service og Iceland séu öll almenn og skorti sérkenni til að einn aðili geti notið einkaréttar á þeim. Þá telur stofnunin orðasambandið „Helicopter service of Iceland“ svo lýsandi fyrir þjónustu aðila máls, þ.e. að bjóða þyrluþjónustu á Íslandi, að Norðurflug geti ekki notið einkaréttar á því. Með vísan til þessa verður Þyrluþjónustunni ekki bönnuð notkun orðasambandsins „Helicopter service of Iceland“ sem m.a. kemur fyrir í skráðu vörumerki félagsins.

Verður því næst litið til þess hvort skráning og notkun Þyrluþjónustunnar á lénunum helicopters.is og helicoptericeland.is geti valdi ruglingshættu. Fyrir liggur í málinu að Þyrluþjónustan hafi skráð lénið helicopters.is og notað það til þess að beina neytendum með sjálfvirkum hætti inn á lénið helo.is, sem geymir vefsíðu Þyrluþjónustunnar.

Heitið helicopter í eintölu og helicopters í fleirtölu merkir þyrta og þyrlur á íslensku samkvæmt ensk íslenskri orðabók. Að mati Neytendastofu er heitið, bæði í eintölu- og fleirtölumynd almennt og lýsandi orð fyrir starfsemi aðila. Skortir það því nægilegt sérkenni til þess að veita Þyrluþjónustunni einkarétt til notkunar þess. Þá bendir Neytendastofa á að hvorugur aðili máls notar orðið helicopter eða helicopters sem firmanafn eða til auðkenningar á fyrirtækjum sínum sem aðalnafn. Hið sama gildir um hið almenna heiti helicoptericeland.is. Hvorki verður séð að Norðurflug hafi notað heitið til auðkenningar á starfsemi sinni né var það rökstutt sérstaklega í erindum kvartanda hvers vegna ruglingshætta ætti að vera við auðkenni Þyrluþjónustunnar.

Þá skal það tekið fram að tilvísun Norðurflugs til ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 25/2003 og áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 5/2004 í gildistíð eldri samkeppnislaga nr. 8/1993 breytir engu um ofangreinda niðurstöðu, sbr. rökstuðning Neytendastofu í ákvörðun nr. 26/2012.

Telja verður því að Þyrluþjónustunni sé að meinalausu heimil notkun skráðra léna sinna helicopters.is og helicoptericeland.is og notkun skráðs vörumerkis síns HELO HELICOPTER SERVICE OF ICELAND og orðasambandsins Helicopter Service of Iceland.

Að ofangreindu virtu telur Neytendastofa ruglingshættu ekki vera fyrir hendi og að ekki sé um brot að ræða gegn ákvæðum 15. gr. a. laga nr. 57/2005. Að sama skapi telur stofnunin að notkunin brjóti ekki gegn ákvæði 5. gr. sömu laga. Er það því mat Neytendastofu að ekki sé ástæða til aðgerða af hálfu stofnunarinnar í máli þessu.



**Ákvörðunarorð:**

**„Ekki er ástæða til aðgerða Neytendastofu í máli þessu.“**

Neytendastofa, 1. desember 2014

Tryggvi Axelsson  
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir